



BA ritgerð

Mannfræði

Glatað gildi kirkjunnar

Hvernig hafa samfélagslegar breytingar haft áhrif á viðhorf Íslendinga til trúar og Þjóðkirkjunnar

Elva Björt Stefánsdóttir

Leiðbeinandi: Sveinn Eggertsson
Júní 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD

Glatað gildi kirkjunnar
*Hvernig hafa samfélagslegar breytingar
haft áhrif á viðhorf Íslendinga til trúar og Þjóðkirkjunnar*

Elva Björt Stefánsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Leiðbeinandi: Sveinn Eggertsson

12 einingar

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní, 2017

Glatað gildi kirkjunnar – Hvernig hafa samfélagslegar breytingar haft áhrif á viðhorf Íslendinga til trúar og Þjóðkirkjunnar

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Elva Björt Stefánsdóttir, 2017

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2017

Útdráttur

Markmið ritgerðarinnar er að svara spurningunni, hvernig hafa samfélagslegar breytingar haf áhrif á breytt viðhorf Íslendinga til trúar og Þjóðkirkjunnar? Trúmál eru rótgróin í bæði menningarlegri og pólitískri sögu Íslands. Síðustu tvo áratugi hefur staða íslensku Þjóðkirkjunnar veikt í samfélaginu, sjá má á könnunum fækkun þeirra sem skilgreina sig sem trúaða og í aukinni skráningu úr Þjóðkirkjunni. Í ritgerðinni verða skoðaðir þættir og breytingar innan samfélagsins sem hafa haft áhrif á þessa þróun.

Ritgerðin er samsett úr fjórum megin köflum. Farið er yfir fræðilegan bakgrunn mannfræðinnar er kemur að kenningum um trúarbrögð í fyrsta kafla. Skoðuð er saga þjóðtrúar og pólitísk samhengi hennar í öðrum kafla, það er hvernig trú Íslendinga var í langan tíma tengd veraldarlegu valdi. Í þriðja kafla er fjallað um vestræna hugmyndafræði með því að skoða hugmyndir um hnattvæðingu, fjölmenningu, veraldarhyggju og trúfrelsi sem og áhrif upplýsingaaldarinnar. Í síðasta meginkaflanum verður farið yfir áhrif og gildi kirkjunnar, vald hennar yfir ríkjandi hugmyndafræði og gildi hennar í íslensku samfélagi.

Abstract

The objective of this essay is to answer the question, "how have changes in our community influenced Icelanders attitude to belief, the nation's religion and the church?". Religion is an integral part of both culture and political history in Iceland. During last two decades the importance and community status of the National Lutheran Church has diminished, surveys show that the number of those that define themselves as religious decreases while the number of those signing out of the national church increases.

The essay is composed of four main chapters. The background of anthropologies theories on religion is examined in the first chapter. In the second chapter history of the national religion and its relation to politics are discussed, that is how religion has throughout history been integrated with political power, community structure and services. In the third chapter the Western ideology is discussed in relation to the essay's question, such as influences of globalization, multiculturalism, secularism, religious freedom and the Information Age. In the last chapter the Churches influence and values are discussed, its power over prevailing ideology and its value in Icelandic community.

Formáli

Ritgerðin er skrifuð til BA-gráðu í mannfræði og gildir til 12 eininga. Ég vil þakka leiðbeinanda mínum Sveini Eggertssyni fyrir að beina mér á rétta braut og fyrir að minna mig ávallt á að ritgerðina á að vera mín. Móður minni Stefaníu Guðrúnu Kristinsdóttur fyrir ómetanlega hjálp og fyrir að hafa alltaf trú á mér. Elsu Arnarsdóttur fyrir prófarkalestur, hugmyndir og athugasemdir. Sambýlismanni mínum og barnsföður Einari Halldórssyni fyrir skilning og þolinmæði í gegnum ferlið og síðast en ekki síst dóttir minni Heiðbjörtu Júlíu Einarsdóttir fyrir að gleðja og lýsa upp tilveru mína alla daga.

Reykjavík 10. maí 2017

Elva Björt Stefánsdóttir

Efnisyfirlit

Útdráttur	4
Abstract	5
Formáli	6
Efnisyfirlit	7
Inngangur	8
1 Fræðilegur bakgrunnur	9
1.1 Mannfræðin og trúarbrögð	9
1.2 Mýtur og ritúöl	11
1.3 Foucault og vald.....	12
1.4 Trú (e.belief)	12
2 Saga þjóðtrúar og pólitískt samhengi hennar	14
2.1 Norræn goðafræði og kristnitaka	14
2.2 Siðaskiptin	17
2.3 Staða trúar á Íslandi í dag	18
3 Vestræn hugmyndafræði.....	21
3.1 Hnattvæðing og fjölmennning	21
3.2 Veraldarhyggja.....	23
3.3 Upplýsingaöldin og áhrif hennar á Íslandi	24
3.4 Trúfrelsi	26
4 Íslenskt Samfélag	27
4.1 Efnahagur Íslendinga	27
4.2 Heilbrigðismál á Íslandi.....	28
5 Áhrif og gildi Þjóðkirkjunnar	30
5.1 Gildi trúarinnar í nútíma samfélagi.....	30
5.2 Kirkjan, karllægt rými?.....	31
5.3 Vald og rými innan samfélagsins	32
6 Lokaorð	35
Heimildaskrá.....	37

Inngangur

Strax í upphafi mannfræðilegra rannsókna hafa mannfræðingar skoðað trúarbrögð og áhrif þeirra á einstaklinginn og samfélagið. Saga kristni og íslensku þjóðkirkjunnar er samofin menningarlegri og pólitískri sögu landsins. Veraldlegt og trúarlegt vald var á einni hendi og kirkjan á Íslandi átti flestar jarðir og sá um alla fræðslu til barna. Með siðaskiptum breyttist hlutverk kirkjunnar með öðrum áherslum trúarinnar og minni tengsl ríkis og kirkju.

Undir lok 19. aldar breyttist umræða um trúarbrögð á Íslandi en umræðan um stöðu þjóðkirkjunnar í íslensku samfélagi hefur aldrei verið eins mikil og síðasta áratug. Áhugi minn á efninu kviknaði út frá nýlegum könnunum um trúarviðhorf Íslendinga. Árið 2004 var gerð könnun á trúarviðhorfum Íslendinga þar sem 69% skilgreindu sig trúðaða, árið 2015 var gerð könnun á viðhorfum Íslendinga til trúmála af Siðmennt og leiddu niðurstöður í ljós miklar breytingar þar sem aðeins 46,4% skilgreindu sig trúðaða (Siðmennt, 2016) (Gallup, 2016). Þrátt fyrir þessar niðurstöður eru samt sem áður 72,55% Íslendinga skráðir í þjóðkirkjuna 2015 miðað við 90% árið 2006 (Hagstofa, Trú- og lífsskoðunarfélög 1.janúar 2015, 2015). Í sögu landsins hefur kirkjan aldrei haft hlutfallslega jafn fáa meðlimi og hún hefur í dag. Í ritgerðinni verður skoðað hvort samfélagsbreytingar á Íslandi hafi haft áhrif á breytt viðhorf gagnvart trú og kirkjunni.

Ritgerðinni er skipt niður í 5 kafla. Fyrsti kaflinn, *Fræðilegur bakgrunnur*, er fræðilegur kafla þar sem farið verður yfir hugtök og kenningar tengdar viðfangsefninu. Í öðrum kafla, *Saga þjóðtrúar og pólitískt samhengi*, verður farið yfir sögu þjóðtrúar og tengsl hennar við veraldarlegt vald og stjórnkerfi verða skoðuð. Í þriðja kafla, *Vestræn hugmyndafræði*, verða skoðuð áhrif hugmynda sem tengjast hnattvæðingu og veraldarhyggju á íslenskt samfélag. Í fjórða kafla, *Áhrif og gildi þjóðkirkjunnar*, verða skoðuð gildi þjóðkirkjunnar á Íslandi í dag, valdbreytingar sem orðið hafa á síðustu áratugum í tengslum við breytt samfélag. Að lokum verður ritgerðin dregin saman þar sem helstu niðurstöður hennar verða settar í samhengi við hvernig samfélagslegar breytingar á Íslandi hafa haft áhrif á breytta stöðu trúar og kirkjunnar.

1 Fræðilegur bakgrunnur

Í kaflanum verður farið yfir kenningar innan mannfræði trúarbragða og mikilvæga mannfræðinga innan greinarinnar. Einnig verða skilgreind hugtök sem koma fyrir í ritgerðinni. Þar sem mannfræðingar hafa oft ekki komið sér saman um endanlegar skilgreiningar á ýmsum viðfangsefnum trúarbragða verða hugtökin skilgreind út frá ólíkum stefnum og samhengi ritgerðarinnar.

1.1 Mannfræðin og trúarbrögð

Trúarbrögð hafa alltaf verið mikilvægur þáttur í rannsóknum mannfræðinga. Ef skoðaðar eru etnógrafíur og rannsóknir í heiminum má sjá í nær öllum trúarlegar athafnir og iðkanir. Trúarbrögð eru mikilvægur hluti af menningu og sögu samfélaga um allan heim. Mannfræðin hefur lengi velt fyrir sér gildi trúarbragða fyrir samfélög, hvað er mikilvægasti partur þeirra, hvernig ber að rannsaka þau og hvernig getum við skilgreint svo fjölbreyttan og sameiginlegan þátt af mannlífinu (Eriksen, 2010)?

Allt frá því að mannfræðingar byrjuðu að stunda rannsóknir á trúarbrögðum hafa verið vandkvæði við skilgreiningu þeirra (Eriksen, 2010). Almenn samstaða virðist vera um að trúarbrögð þurfi ekki endilega að fela í sér trú (e.believe) í þeim skilningi að í öllum trúarbrögðum virðist ekki vera trú á yfirnáttúrulegar verur, sem eru ekki sýnilegar í okkar veruleika. Vestrænir mannfræðingar hafa löngum fallið í þá gryfju að skoða vestræn hugtök í öðru menningarsamhengi en Pascal Boyer (2001) segir að trú sé eitt dæmi um það. Hugtakið trú ber gildishlaðna merkingu, í vestrænni merkingu er það einna helst notað til þess að skilgreina trúarbrögð, að trúa á yfirnáttúrulega veru eða verur og hugmyndafræði sem er ósnertanleg og getur ekki verið sönnuð. Ef við horfum hinsvegar á trúna út frá sjónarmiði þess sem trúir eins og til dæmis frumbyggja í Ástralíu sem hræðast galdra og leita til forfeðra eftir svörum og aðstoð, þá myndu þeir ekki telja sig trúaða. Fyrir þá er trúin raunveruleiki. Að sama skapi ef við horfum til strangkristins manns eru leiðbeiningar Biblíunnar og tilbeiðslan jafn raunverulegar fyrir hann og hann hræðist meðal annars helvíti (Bowie, 2006) (Boyer, 2001). Erfitt er að njörva niður hvað trúarbrögð eru í raun eða hvernig við getum skilið þau en við vitum að þau eru sameiginlegur þáttur í mannlegri tilveru.

Á 19. öld var vinsæl stefna innan mannfræðinnar að rannsaka trúarbrögð út frá virkni þeirra í samfélaginu. Virknihyggja á rætur sínar að rekja til verka Karl Marx, Max

Weber og Emile Durkheim sem eru einnig oft nefnd feður félagsfræðinnar. Fræðimenn sem urðu fyrir áhrifum hennar voru meðal annars mannfræðingarnir Radcliff Brown og Marcel Mauss (Barnard, 2000). Í kenningum Durkheim kemur fram að hann taldi trú vera kerfi hugmynda og siðferðis sem einstaklingurinn innan samfélagsins samþykkir. Tilbeiðsla trúarbragða væri því í raun og veru tilbeiðsla á gildum samfélagsins (Hamilton, 2001).

Önnur nálgun sem notið hefur mikilla vinsælda eru hugmyndir mannfræðingsins Geertz. Hann lagði áherslu á að í stað þess að skoða virkni trúarinnar ætti að reyna að skilja hvaða merkingu trúin hefði í raun og veru fyrir einstaklinga. Hvernig hún hjálpar einstaklingum að skilja tilvist sína og umhverfi. Samkvæmt honum á því ekki að rannsaka trúinna sjálfa eða hvernig hún varð eða er til, heldur hvernig hún hjálpar manneskjunnari að skilja líf sitt (Eriksen, 2010). Þessi sýn á trúarbrögð hefur haft mikil áhrif í mannfræði og sjáum við áhrifa hennar gæta í mannfræði í dag. Mikilvægi trúarbragðarannsókna í mannfræði hefur færst frá því að rannsaka virkni stofna, það er trúarbrögð, stjórnmalakerfi og fleiri grunn einingar samfélagsins og félagslega samþættingu, yfir í að skoða merkingu, tákni og félagslega þróun (Eriksen, 2010). Nýleg vinsæl kenning innan mannfræði er að trúarbrögð séu þróunarfræðileg hugmynd mannsins, vegna þess að trúarbrögð eru til í öllum samfélögum hljóta þau að hafa einhverja tengingu í gen eða þróunarfræði mannsins (Boyer, 2001).

Malinowski er einn helsti kenningarsmiður mannfræðinnar. Kenningar hans hafa haft mikil áhrif innan greinarinnar, má þá meðal annars nefna aðferðafræði hans við vettvangsathuganir og áherslur hans á þátttökuathugunum. Hann byggði hugmyndir sínar á kenningum Durkheim og virknihyggju en einnig á hugmyndum marxískra mannfræðinga sem vildu rannsaka áhrif ritúala á samfélag og pólitískt líf einstaklinga. Áhrifa frá sálfræðingnum Freud má einnig greina í kenningum Malinowski en þegar hann var ungur maður las hann kenningar Freud um tilfinningalegar skýringar og undirmeðvitund (Bowie, 2006). Hann gagnrýndi hugmyndir virknihyggju, meðal annars mannfræðingsins James Tyler, fyrir að byggja kenningar sínar á of þröngum ramma sem sýndi ekki rétta mynd af frumbyggjum. Í virknihyggju er lögð áhersla á að félagslega þætti fremur en tilfinningu eða upplifun sem skýringu á trúarbrögðum. Malinowski sagði

að trú væri til komin vegna upplifunar mannsins af vanmætti gagnvart ákveðnum fyrirbærum náttúrunnar, því sem maðurinn fær ekki stjórnað (Malinowski, 1948).

1.2 Mýtur og ritúöl

Við rannsóknir á trúarbrögðum hafa mannfræðingar síðan á 19.öld skipti sér í tvær fylkingar. Annarsvegar sá hópur sem telur mýtur betri til þess að skilja þróun trúarbragða og stöðu þeirra í samfélaginu og hinsvegar fræðimenn sem segja mikilvægara að rannsaka ritúöl (Bowie, 2006).

Mýtur geta haft margþætta merkingu og skilgreining á þeim fer eftir því hvar innan fræðimannasamfélagsins þær eru til umræðu. Í mannfræði er talað um mýtur sem sögur menningarsamfélaga sem skýra félagslega, náttúrulega og yfirnáttúrulega hluti. Malinowski sagði mýtu vera það sama fyrir frumbyggjan og Biblían fyrir kristinn mann (Bowie, 2006). Saga eða sögur sem farið er með sem staðreyndir og er ætlað að skýra þá þætti samfélagsins sem annars er ekki hægt að skýra. Hann sagði virkni mýta um líf eftir dauðann, t.d. hugmyndina um himnaríki, vera ákveðna sefjun á yfirþyrmandi ótta við dauðann. Án mýta myndi ótti og órói ríkja í samfélaginu. Feminískir mannfræðingar hafa skoðað vald mýta og hvernig þær móta hugmyndir okkar og koma á félagslegu kerfi. Valdhafar hafa löngum notað mýtur til þess að réttlæta vald sitt. Tengsl mýta og valds er hægt að skoða út frá valdatengslum milli kvenna og karla og gott dæmi er sagan um Adam og Evu. Eva er sköpuð úr rifbeini Adams og er því partur af honum. Helstu áhrifavalda innan Biblíunnar eiga þeir sameiginlegt að vera karlmenn (Bowie, 2006).

Ein skilgreining á ritúölum er að þau eru félagslegi þáttur trúarbragða. Líkt og orðið trú getur ritúal falið í sér marga þætti (Eriksen, 2010). Ef skoðuð er skilgreining á orðinu ritúal í orðabók þá er hún að mestu tengd trúarlegum athöfnum. Ritúali er lýst sem röð athafna er framkvæmdar eru samkvæmt fyrirfram ákveðinni formúlu (Oxford Dictionaries, 2017). Birtingarmynd ritúala má sjá víða í samfélaginu, þegar við fögnum ólympíuförum, við útskrift úr háskóla og trúarlegar athafnir, samanber fermingar og brúðkaup. Erfitt að lýsa ritúölum með nákvæmum hætti þar sem það er engin ákveðin athöfn eða gjörningur sem er ritúal (Bowie, 2006).

1.3 Foucault og vald

Kenningar franska heimspekingsins og sagnfræðingsins Foucault hafa haft mikil áhrif í mannfræði, einkum kenningar hans um vald, kynferði og kerfi vitneskju. Hann leitast við að sýna fram á samband ríkjandi hugmyndafræði og valdhafa í samfélaginu. Foucault talar um að fyrirfram gefinn sannleikur (e.truth) sé til staðar innan félagslegra kerfa. Foucault heldur því fram að til að skoða ákveðna vitneskju eða sannleika þurfi að horfa á þann sem fer með sannleikann, stjórnar honum frekar en sannleikann eða vitneskjuna sjálfa. Sá sem hefur valdið yfir sannleikanum, stjórnar honum í gegnum tungumál og félagsleg kerfi í stofnum samfélagsins.

Foucault talar um að vald í nútíma samfélagi sé með ólíkum hætti en það var áður, í samfélagi þar sem málfrelsi og vísindi eru í hávegi höfð er vald yfir þekkingu, stjórnun og drottnun ekki viðurkennt. Því verður sá fer með valdið í nútímasamfélagi að koma í veg fyrir að við sjáum hlutina eins og þeir eru, með því að móta orðræðu sem virðist vera á móti drottnun sem er í raun og veru enn við lýði (Phelan, 1990). Hann talar um að mikilvægt sé að horfa á vald ekki sem eitthvað sem er neytt upp á einstaklinga í formi hótana eða ofbeldis, heldur að þeir sem verða fyrir því séu frjálisir til þess að velja. Hann lýsir valdi sem einhverskonar ríki sem setur kerfi um hegðun einstaklinga, hvað er í lagi, hvað ekki. Vald er því háð frelsi, að einstaklingur hafi val, en fylgi kerfi þeirra hugmynda sem valdhafi hefur sett, oftast án þessa að gera sér grein fyrir því (Phelan, 1990).

Trúarleg orðræða er samkvæmt honum mikilvægur þáttur í að skoða menningu. Hún gefur okkur innsýn inn í þær takmarkanir og útilokanir sem við sjáum í menningunni, trúin setur okkur mörk, lífs og dauða, hins mögulega og ómögulega og þess sem er samþykkt og þess sem er óásættanlegt (Carette, 2000, bls. 145).

1.4 Trú (e.belief)

Trú hefur verið umdeilt hugtak innan mannfræðinnar. Mannfræðingurinn Pascal Boyer segir það vestrænt hugtak sem ekki er hægt að nota utan þess samhengis (Boyer, 2001). Mannfræðingurinn Geertz segir að í raun og veru sé trúarlegt sjónarhorn allstaðar það sama, „He who would not know must first believe“ þ.e. að trú sé ákveðin forsenda þekkingar (Geertz, 1973). Hann telur að trúarbrögð byggi á því að vera viss um tilvist einhvers án þess að sjá eða vita það í raun og veru. Í ensku er gerður skýrari greinarmunur á orðunum trúarbrögð (e.religion) og trú (e.belief) en í íslensku felur orðið

trúarbrögð í sér trú á meðan orðið *religion* nær yfir fjölbreyttar trúarlegar hugmyndir svo sem galdra og fellur betur að kenningum og skilgreiningum mannfræðinnar.

Í orðabókum hefur orðið trú margar mismunandi merkingar sem fara eftir því í hvaða samhengi orðið er. Í trúarlegu samhengi er því lýst sem sannfæringu, lögmáli eða trúarlegri staðfestu (Oxford Dictionaries, Belief, 2017). Hversu vítt getum við tekið skilgreininguna? Er raunverulega hægt að vera trúlaus, maður sem trúir ekki á yfirnáttúrulega veru, getur jafnframt verið sannfærður um ýmsar hugmyndir um umhverfi sitt sem ekki er hægt að sanna. Að vissu leiti er nær ómögulegt að skilgreina hugtakið þar sem vísindin geta nær ekkert sannað með fullri vissu og því má segja að trú fylgi allri vitneskju okkar. Ef við horfum á hugtakið út frá samhengi íslensku Þjóðkirkjunnar og riti hennar Biblíunnar þá hefur einstaklingur samþykkt Guð og Jesú sem frelsara sinn með fermingu eða skírni og því er skilyrði að trúa á tilvist þeirra (Gunnar Jóhannesson, 2006). Að einstaklingurinn trúi á tilvist Guðs og Jesú verður lagt til grundvallar í næsta kafla þegar skoðaðar verða breytingar á trúarviðhorfum Íslendinga og afstöðu til Þjóðkirkjunnar.

2 Saga þjóðtrúar og pólitískt samhengi hennar

Saga trúar á Íslandi er jafnt löng og byggð á landinu. Til þess að skoða stöðu trúar í dag er mikilvægt að gera grein fyrir hver staða hennar hefur verið. Trúin hefur í gegnum söguna verið inngróin í stjórnkerfi Íslendinga og veraldlegt vald og í kaflanum verða þau tengsl skoðuð.

2.1 Norræn goðafræði og kristnitaka

Allt frá því að norrænir víkingar námu land á Íslandi hafa trúarbrögð haft mikil áhrif. Norrænir víkingar voru heiðnir og stjórnkerfi þeirra einkenndist af heiðnum hefðum. Í upphafi var búseta á Íslandi dreifð og skipulögð í kringum höfðingja og landið skiptist upp í höfðingjadæmi (Björn Þorsteinsson & Bergsteinn Jónsson, Íslands saga til okkar daga, 1991). Stjórnhættir einkenndust af höfðingjavaldi og reglulegu þinghaldi, úr heimildum um stjórnskipun Íslendinga má sjá hversu sterkar rætur þetta valdafyrirkomulag á í norrænni trú (Hjalte Hugason & Jón Hnefill Aðalsteinsson, Íslensk þjóðmenning - trúarhættir, 1988). Í bókinni *Goðamening* eftir sagnfræðinginn Gunnar Karlsson er talað um að líklegast hafi verið tvenns konar höfðingjar hjá norrænum mönnum, veraldarlegir höfðingjar og trúarlegir leiðtogar sem hafa þá verið goðin. Þar sem lega og landfræði landsins bauð ekki upp á auðveld samskipti milli svæða og bæja er líklegt að goðin hafi tekið yfir hlutverki einhverskonar þjóðarleiðtoga. Erfitt er þó að staðfesta hvernig stjórnhættir voru á þeim tíma, vegna takmarkaðra heimilda og ef til vill eru heimildir litaðar af kristinni menningu um aðskilnað valds og trúar (Gunnar Karlsson, 2004).

Þær heimildir sem eru að finna um norræna goðafræði og Ásatrú eru allar skrifaðar á tíma kristni á Íslandi og eru flestar í formi bókmennta. Í bókinni *Íslensk þjóðmenning* (1988) er talað um að elstu ritheimildir norrænnar goðafræði skiptist í nokkra flokka, fyrst og fremst goðakvæðin í Snorra Eddu, kveðskapur sem kenndur er við íslensku tíundu aldar skáldin, Íslendingabók og Landnámsbók. Önnur marktæk heimild sem hefur verið notið eru íslensk lög frá tímum kristni. Þó lögín séu öll skrifuð eftir tíma Ásatrúar á Íslandi gefa þau góða vísbendingu um trú fyrir þann tíma (Hjalte Hugason & Jón Hnefill Aðalsteinsson, Íslensk þjóðmenning - trúarhættir, 1988).

Norræn goðafræði og Ásatrú virðist hafa skipt Íslendinga miklu máli, samanber hlut hennar í Íslendingasögunum. Í *Íslenskri þjóðmenningu* (1998) er örlagatrúin tekin fyrir

sem sérstaklega virkur þáttur í Ásatrú og norrænni goðafræði. Trúin fól í sér mikla iðkun, þar sem haldin voru blót og helgileikir. Blót voru haldin bæði á heimilum fólks en einnig við upphaf þings. Goðin stjórnðu athöfnunum og var blóðnauti blótað með eigin hendi eftir nákvæmum fyrirmælum. Trúin fól þó í sér mun fleiri iðkanir, algengt var að leita svara við örlögum sínum með töfraathöfnum sem voru framkvæmdar af þar til þjálfuðum einstaklingum (Hjalti Hugason & Jón Hnefill Aðalsteinsson, Íslensk þjóðmenning - trúarhættir, 1988).

Kristni á Íslandi má rekja til rómverskra áhrifa. Frá Bretlandseyjum barst kristni til Írlands og Frakklands og hafði náð áhrifum þar á 5.öld. Á þessum tíma veittustu norrænir víkingar að þjóðhöfðingjum í Vestur Evrópu og til að stemma stigum við þessu árásum urðu til hugmyndir um mikilvægi þess að hefja trúboð á Norðurlöndum (Hjalti Hugason & Jón Hnefill Aðalsteinsson, Íslensk þjóðmenning - trúarhættir, 1988). Áður en kristni er tekin upp á Íslandi er hún að mestu bundin við Danmörku á Norðurlöndunum.

Kristnitaka fór friðsamlega fram á Íslandi og var samþykkt á árunum 999-1000. Alþingi Íslendinga skiptist í tvo hópa, kristna og heiðna menn sem sögðu sig úr lögum hver við annan. Fræg saga segir frá því þegar Þorgeir Ljósveitningagoði sem starfaði sem lögsögumaður Alþingis fékk það hlutverk að taka ákvörðun sem myndi ráða því hver þjóðtrú Íslendinga yrði. Sagt er að hann hafi legið undir feld sínum og næsta dag hafi hann tekið ákvörðun um að allir menn skyldu kristnir verða (Hjalti Hugason & Jón Hnefill Aðalsteinsson, Íslensk þjóðmenning - trúarhættir, 1988). Þrátt fyrir að þessari ákvörðun hafi fylgt ákveðnar samfélagsbreytingar þá höfðu Íslendingar áfram svigrúm til að ástunda heiðni, löglegt var að blóta í laumi, bera út börn, borða hrossakjöt og fleira (Björn Þorsteinsson & Bergsteinn Jónsson, Íslands saga til okkar daga, 1991, bls. 55-57).

Í kjölfar kristni í lögum Íslendinga, lögðu goðin völd sín í hendur Noregskonungi og Ísland fór undir öflugt konungsvald. Trúarlegar breytingar á Íslandi snérust ekki eingöngu um trúarjátningu og afneitun heiðni, heldur voru þær jafnframt viðurkenning á stjórnkerfi Kapólsku kirkjunnar sem Íslendingar þekktu nær ekkert til á þeim tíma (Björn Þorsteinsson & Bergsteinn Jónsson, Íslands saga til okkar daga, 1991). Kristnitaka Íslendinga hefur reynst fræðimönnum mikil ráðgáta. Undarlegt þykir að goðin sem talin voru einhverskonar trúarlegir leiðtogar hafi samþykkt að gangast undir Noregskonung og kristni. Í Íslendingasögum eru rökin fyrir því að Íslendingar hafi tekið kristni þau að

Noregskonungar hafi lagt hart að því að kristna Norðurlöndin. Það fór ekki allstaðar fram með jafn friðsamlegum hætti og hér á landi (Sverrir Jakobsson, 2005). Má leiða líkum að því að Íslendingar hafi ekki viljað ófrið og því samþykkt trúar og stjórnkerfisbreytingar með svo friðsamlegum hætti (Gunnar Karlsson, 2004).

Þó verður einnig að horfa á breytingarnar sem urðu á veraldlegu valdi á Íslandi. Fyrrum goð menntuðu syni sína til prests og tóku margir þeirra við gömlu höfðingja-dæmunum sem biskupar. Því má segja að staða goðanna hafi haldist þrátt fyrir þessar breytingar og gæti það skýrt sveigjanleika þeirra er kom að upptöku kaþólskar trúar. Það bendir líka til að trúarbrögðin hafi fremur verið einhverskonar stjórnkerfi og að trúin sem slík hafi skipt minna máli.

Kaþólska kirkjan átti greiða leið inn í stjórnkerfið og hafði mikið pólitískt vægi á Íslandi, hún fór m.a. með dómsvald. Æðsti maður hennar var páfinn og bar kirkjunni að hlýða honum varðandi alla trúarlega framkvæmd og túlkun. Á þessum tíma lagði Kaþólska kirkjan og páfavelðið í Róm meiri áherslu á eigin völd en trúarlega iðkun safnaðarmeðlima (Asad, 1993). Ef tímabil kaþólskunnar á Íslandi er skoðað er ljóst að völd kirkjunnar skiptu höfuðmáli. Þegar Alþingi samþykkti að trúarlegt vald væri kirkjunnar voru trúarlegar og samfélagslegar hefðir tengdar heiðni enn leyfðar. Um leið og búið var að samþykkja löginn tók valda- og stjórnkerfi kirkjunnar við.

Á 16. öld verða breytingar á stöðu Kaþólsku kirkjunnar í Evrópu með siðaskiptunum. Á sama tíma urðu breytingar á þjóðkirkju Íslendinga. Líkt og Vilborg Auður Ísleifsdóttir segir:

“Sögulegt mikilvægi siðbreytingarinnar lifir ekki í endurnýjun á sviði menningar og trúarbragða, heldur endursköpun ríkisvaldsins, sem vék kirkjunni til hliðar sem pólitísku valdakerfi, sem bar svipmót ríkisins. Eftir siðbreytingu tók allt skipulag samfélagsins mið af konungum og stjórnarsýslu hans (Vilborg Auður Ísleifsdóttir, 1996, bls. 71). „

Breytingarnar voru ekki aðeins á trúarlega sviðinu heldur voru þetta mikil umskipti í pólitík á Íslandi og íslensku samfélagi. Kaþólsku biskuparnir höfðu haft mikil áhrif á Íslandi. Biskupstólnum fylgdu miklar tekjur, meðal annars leigugreiðslur af jörðum, sem kallaðar voru tíund. Þeir voru bæði ákærendur og dómarmarar í dómsmálum Íslendinga. Ekki var því að undra að Íslendingar, líkt og annarsstaðar í vestrænum samfélögum, færu

að þreytast á valdi og ítökum kaþólsku kirkjunnar í samfélaginu (Guðbrandur Jónsson, 1951).

2.2 Siðaskiptin

Við siðaskiptin minnkuðu pólitísk áhrif kirkjunnar og gildi hennar urðu að siðferðislegum leiðbeiningum. Lútherska kirkjan sá um alla menntun íslenskra barna en prestar höfðu það hlutverk að mennta börn, bæði í almennri þekkingu og siðferðislegum boðskapi guðs. Því má segja að vald kirkjunnar hafi breyst, það færðist frá því að vera veraldlegt yfir í að vera siðferðislegt. Foucault talar um að trúarbrögð séu pólitísk vald (Foucault, 1999). Með þessu á hann ekki við að trúarbrögð stjórni með ofbeldi eða þvingunum, heldur að þau stjórni almennri hugmyndafræði fyrir samfélagið. Valdakerfi Lúthersku kirkjunnar var því ekki tengt stjórnkerfi ríkisins á sama hátt og Kaþólsku kirkjunnar, heldur fól í sér mótun félagslegra kerfa og hugmynda, viðmiða um það hvernig skuli lifa góðu lífi (Carrette, 2000).

Þegar siðaskiptin á Íslandi eru skoðuð þá ná þau yfir mun lengra tímabil og þeim fylgdu mun meiri átök en urðu við kristnitökuna. Þetta er áhugavert þar sem trúarlegar hugmyndir Kaþólsku kirkjunnar og Lúthersku rétttrúnaðarkirkjunnar voru ekki svo ólíkar. Lútherska kirkjan var kristin trú en helstu breytingarnar með tilkomu hennar voru breyting á valddreifingu innan kirkjunnar sjálfar og áhrif hennar í stjórnkerfi landsins. Forystumenn Kaþólsku kirkjunnar áttu því á hættu að missa völd sín. Svipaðar breytingar má sjá á Norðurlöndunum. Með tilkomu Lúthersku kirkjunnar hafði kirkjan minni inngrip í konungsvaldið en einnig missti Kaþólska kirkjan þær eignir sem hún hafði átt á Norðurlöndunum sem konungur fékk í sínar hendur. Þessar breytingar voru því hagstæðar hinu veraldlega valdi (Robert J. Barro, 2005).

Breytingar voru mjög mikilvægar fyrir Íslendinga. Lútherska kirkjan lagði áherslu á predikanir og mikilvægi trúarinnar færðist frá veraldlegu valdi yfir í iðkun trúar og að fylgja orðum guðs (Vilborg Auður Ísleifsdóttir, 1996, bls. 71). Með þessum breytingum og seinna með hugmyndum frá Vesturlöndum um trúfrelsi og aðskilnað trúarlegs og veraldlegs valds minnka áhrif kirkjunnar á samfélagið. Að sama skapi minnka ítök stjórnkerfisins varðandi málefni kirkjunnar meðal annars með stofnun kirkjuráðs þegar kirkjan tók alfarið yfir rekstur stofnunarinnar (Pétur Pétursson, 1980). Áhrif hennar á hefðir og gildi samfélagsins hafa einnig minnkað með tímanum. Í dag telur meirihluti

ungs fólks á Íslandi mikilvægi trúarbragða takmarkað og telur að áhrif þeirra á viðhorf einstaklinga séu ekki mótandi þáttur í tilvistartúlkun þeirra. Þróun menningar og samfélagsins í heild sem umgjörð tilvistartúlkunar hefur meiri áhrif en aðild að trúfélagi (Gunnar E. Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir, & Hanna Ragnarsdóttir, 2011).

2.3 Staða trúar á Íslandi í dag

Staða Íslensku þjóðkirkjunnar hefur aldrei verið jafn veik og hún er í dag. Mikil aukning hefur verið á skráningum úr kirkjunni og háværar raddir eru í samfélaginu sem krefjast aðskilnaðar ríkis og kirkju. Reglulega hafa verið gerðar kannanir á trúarviðhorfum Íslendinga og varpa þær ágætu ljósi á stöðu trúar og kirkju. Árið 2004 var gerð rannsókn af Gallup á trúarviðhorfum Íslendinga, könnunin var unnin fyrir Biskupstofu, Guðfræðideild Háskóla Íslands og Kirkjugarða Reykjavíkur með styrk frá Kristnihátíðarsjóði. Bornar voru saman niðurstöður frá eldri könnunum. Viðmælendur voru spurðir hvort þeir teldu að þeir væru trúaðir eða ekki? Niðurstöðurnar leiddu í ljós að 69% Íslendinga svöruðu spurningunni “Telur þú þig vera trúaða(nn),, játandi, þeir sem sögðust ekki telja sig trúaða voru 19,1% og þeir sem gátu ekki sagt til um hvort þeir væru trúaðir eður ei voru 11,6%. Marktækur munur var á aldri og kyni þátttakenda. Konur voru líklegri til þess að skilgreina sig sem trúaðar. Hæsta hlutfall þeirra sem skilgreindu sig sem trúaða voru einstaklingar á aldrinum 55-72 ára en 82 % þeirra skilgreindu sig sem trúaða á meðan að hlutfall 13-17 ára var aðeins 61% og í aldurshópnum 18-24 ára aldurshópnum fór hlutfallið niður 53% (Gallup, 2016).

Í könnun Siðmenntar sem framkvæmd var árið 2015, hafði hlutfall Íslendinga sem skilgreina sig trúaða breyst frá könnuninni sem var gerð 2004. Aðeins 46,4 % Íslendinga sem tóku þátt skilgreindu sig sem trúaða, 29,5% töldu sig ekki trúaða og 23,7 % töldu sig ekki geta sagt til um hvort þeir væru trúaðir eða ekki (Siðmennt, 2016). Þarna má sjá gríðarlegan mun á rúmlega 10 ára tímabili, hlutfall einstaklinga sem skilgreina sig sem trúaða fer úr 69% niður í 46,4%. Einnig virðist hlutfall þeirra sem telja sig ekki hvorki geta skilgreint sig sem trúaða eður ei hækka nokkuð, árið 2004 voru það 11,6% samanborið við 23,7% árið 2015 (Gallup, 2016) (Siðmennt, 2016).

Áhugavert er að skoða þessar breytingar með hliðsjón af því að þann 13. febrúar 2016 tóku gildi breytingar á skráningu í trúfélög. Þessar breytingar áttu að jafna stöðu

trúfélaga á Íslandi. Löggin breyta skráningu ungbarna í trúfélög en ef báðir foreldrar eru ekki skráðir í sama trúfélag er barnið skráð utan trúfélaga. Þannig eru börn ekki lengur skráð í trúfélag nema að báðir foreldrar tilheyri því (Þjóðskrá Íslands, 2016). Þetta ber vitni um að umræða um jafnrétti trúarbragða á Íslandi hefur skilað árangri, aukin vitundarvakning er meðal stjórnvalda og stofnana gagnvart kröfu almennings um trúfrelsi sem reynt var að koma til móts við með lagabreytingunni.

Mesta breytingin hefur orðið á trúarviðhorfum ungs fólks. Kannanir sýna að einstaklingar sem eru 55 ára og eldri sem og einstaklingar sem hafa eingöngu lokið grunnskólaprófi eru líklegastir til að skilgreina sig sem trúaða. Mesti munurinn á bakgrunnsbreytum eru þó stjórnmálaskoðanir, í könnuninni sem gerð var árið 2015 má sjá að kjósendur Framsóknarflokksins eru líklegri en aðrir til að skilgreina sig sem trúaða. Sá flokkur sem flestir kusu sem skilgreindu sig sem trúlausar voru Píratar en 49% þeirra skilgreindu sig sem trúlausar. Hlutfall þeirra sem kusu Framsókn og skilgreindu sig sem trúlausar var 11%. Útreikningar sýna að aðeins um 33% þeirra sem eru yngri en 45 ára skilgreina sig sem trúaða en 59% þeirra sem eru 45 ára og eldri (Siðmennt, 2016).

Á málþingi Siðmenntar árið 2015 (Sigurður Hólm Gunnarsson & Hjalti Hugsason, 2016) ræðir formaður Siðmenntar, Sigurður Hólm Gunnarsson og Hjalti Hugsason guðfræðingur um niðurstöður könnunarinnar. Sigurður vakti athygli á að mengi einstaklinga sem skilgreindu sig sem kristna væri stærra en þeirra sem skilgreindu sig sem trúaða, það er að 11% þeirra sem skilgreina sig kristna skilgreina sig ekki sem trúaða. Hjalti vildi vekja athygli á hlutfalli þeirra sem gátu ekki sagt til um hvort þeir væru trúaðir eða ekki, það hlutfall hefur hækkað mest frá síðustu könnunum. Hann talar um að erfitt sé að meta þessa spurningu, þar sem að með aukinni efahyggju og veraldarhyggju hefur spurningin ertu trúuð/aður? verið túlkuð með margvíslegum hætti. Eins svaraði hann vangaveltum Sigurðar um fjölgun þeirra sem teldu sig kristna en ekki trúaða með því að kristni væri samofin menningu Íslendinga og þó að einstaklingar skilgreini sig ekki sem trúaða gætu þeir samt sem áður talið sig aðhyllast kristna menningu. Hann telur þessar niðurstöður þó ekki bera merki um mikla breytingar frá því á 9. áratuginum því rannsóknir frá þeim tíma leiði í ljós að 36-44% geta talist trúaðir og kristnir í kirkjulegri merkingu (Sigurður Hólm Gunnarsson & Hjalti Hugsason, 2016). Í

næsta kafla verður skoðað hvernig vestræn hugmyndafræði getur haft áhrif fólks á skilning og skilgreiningu fólks á trú og trúarbrögðum.

3 Vestræn hugmyndafræði

Í umræðum fræðimanna og kirkjunnar hefur staða trúarinnar í dag verið skýrð með vísan í hugmyndafræði Vesturlanda. Í kaflanum verða skoðaðir helstu áhrifaþættir vestrænnar hugmyndafræði og hvernig hún kann að hafa haft áhrif á viðhorf og stöðu kirkjunnar á Íslandi.

3.1 Hnattvæðing og fjölmening

Hnattvæðing og aukið upplýsingaflæði hefur haft mikil áhrif í heiminum undanfarna áratugi, þar á meðal á Íslandi. Með aukinni markaðshyggju í vestrænu samfélagi sjáum við tengsl þjóða styrkjast. Þjóðir tengjast óháð stjórnámálum og trúarbrögðum landa. Með auknu upplýsingaflæði hafa til dæmis hugmyndir um jafnrétti, mannréttindi og einstaklingsfrelsi orðið mikilvægari en trúarbrögð. Má þar nefna hugmyndir um kyn og konur á vinnumarkaði, breytingar á menntun, fræðslu, upplýsingaöflun og tækni (Appadurei, 2000, bls. 3).

Ungt fólk í dag lifir við annan veruleika en það gerði fyrir 20 árum. Með aukinni hnattvæðingu hefur einstaklingshyggja styrkst. Hún hefur rofið hin hefðbundnu tengsl svæðis og sjálfsmyndar. Einstaklingar eru ekki lengur eins mikið mótaðir af því landi sem þeir búa í. Með tilkomu Internetsins getur einstaklingurinn fræðst um og átt í samskiptum við annað fólk víða um heim, lesið sér til og mótað hugmyndir sínar óháð landinu sem hann býr í. Fjarlægðin við aðra menningarheima, lönd, einstaklinga og aðgengi að námi er í dag oft ekki lengri heldur en fjarlægðin frá tölvunni (Gunnar E. Finnbogason, Gunnar J.Gunnarsson, Halla Jónsdóttir, & Hanna Ragnarsdóttir, 2011). Þrátt fyrir að einstaklingshyggja og hnattvæðing skapi tækifæri og geti aukið víðsýni þá hefur hún sína galla. Einstaklingshyggjan getur aukið bæði kvíða og óvissu þar sem einstaklingurinn reiðir sig að mestu á sjálfan sig. Tengslin sem sköpuðust með því að deila sömu gildum eru ekki lengur þau sömu (Gunnar E. Finnbogason, Gunnar J.Gunnarsson, Halla Jónsdóttir, & Hanna Ragnarsdóttir, 2011). Einstaklingurinn ber ríkari ábyrgð en áður, með opnari hugmyndum og fleira fólki er hans eigið mikilvægi, hans hugmyndafræði, undir honum komið. Ákvörðunartaka og ábyrgðin er hans.

Rannsóknir á áhrif einstaklingshyggju hjá ungu fólki hafa bent til að hún er í raun þeirra lífsmynd eða sýn á lífið. Einkennum hennar má lýsa á þrjá vegu: ungt fólk hefur rifið sig frá sögulegu samhengi og tengslum, það hefur misst tengsl við trúarlegar

hugmyndir, grundvallarnorm samfélagsins og félagsmótunarferli hafa breyst (Gunnar E. Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir, & Hanna Ragnarsdóttir, 2011). Tilvistartúlkanir og hugmyndir hafa færst frá trúarbrögðum, menningin og samfélagið hafa meiri áhrif í dag á ungt fólk en hugmyndir kirkjunnar. Félagslegt rými og aðhald er ekki það sama, einstaklingar eru mjög háðir innviðum og kerfum samfélagsins, leikskóla, grunnskóla og háskóla sem eru allt hlutar af velferðarkerfi landsins.

Ísland sem eyja í Atlantshafi hafði verið fremur einsleitt samfélag. Undanfarin ár hefur innflytjendum fjölgað og breytingar hafa orðið á íslensku menningarlífi. Fjölmening var áður ótengd ímynd Íslendinga, bæði í hugum þeirra sjálfra og annarra (Unnur Dís Skaptadóttir & Kristín Lofsdóttir, 2009). Með árunum hefur Ísland orðið fjölmeningarsamfélag og hópar með ólíka trú, hefðum og menningu hafa áhrif á samfélagið. Aukin umræða er um réttindi einstaklingsins til að iðka sína trú og rétt þeirra sem ekki trúa til rýmis eða umhverfis sem er án trúarlegra skírskotana.

Í íslenska skólakerfinu hefur kristinfræði verið hluti af grunnskólanámi auk þess sem námsskrá grunnskólans var skrifuð með kristin gildi í huga, samanber menningarsaga og samfélagsfræði sem var kennd undir áhrifum kristinna gilda (Unnur Dís Skaptadóttir & Kristín Lofsdóttir, 2009). Á undanförunum árum hafa tengsl skólakerfisins við kristni verið að breytast sem má líklega rekja til aukinnar fjölmeningar en vaxandi hluti skólabarna tilheyrir ekki kristnum söfnum. Þessar breytingar má líka rekja til aukinnar einstaklingshyggju og mannréttinda, samanber skilgreiningu á þeim í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum (Lög um Mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994).

Íslenskt samfélag hefur gjörbreyst á undanförunum áratugum. Ekki er langt síðan Ísland var eitt fátækasta ríki í Vestur-Evrópu. Seinni heimstyrjöldin breytti ýmsu fyrir Íslendinga, tekjur jukust, næga atvinnu var að fá og lífskjör almennings urðu betri. Gífurlegar breytingarnar hafa orðið á heimsmynd fólks. Flestir Íslendinga lifðu áður alla ævi í sinni heimasveit og ferðuðust nánast aldrei út fyrir landssteinana, lífið snérist um að vinna og lifa af. Fólk hafði ekki tíma fyrir hugmyndafræði og réttindabaráttu, tækifæri til menntunar voru fá nema þá helst á vegum kirkjunnar en prestar voru sú starfsstétt sem hlaut mesta menntun. Þessi breytta heimsmynd getur varpað ljósi á breytt gildi trúarbragða. Í dag hafa einstaklingar færi á því að leita svara við tilvistarhugleiðingum

sínum á fleiri stöðum, þeir geta leitað til hinna ýmissa fræðigreina, heimspeki og annarra trúarbragða.

Ef horft er til kenninga Durkheims, áleit hann að öll trúarbrögð væru sameiningartákn samfélagsins, að þeir sem stunduðu trú væru í raun og veru að tilbiðja samfélagið og hugmyndir þess. Hann taldi að með aukinni einstaklingshyggju myndi þörf einstaklinga fyrir trúarbrögð minnka í samfélaginu (Griswold, 2013). Hægt er að álíta að með aukinni einstaklingshyggju á Íslandi sé ekki lengur þörf á trú sem sameiningartákni heldur horfi einstaklingar frekar til mannréttinda. Meðal þeirra hugmynda sem hafa verið hafðar í hávegi í íslensku samfélagi eru hugmyndir um fjölmenningu, réttindabaráttu kvenna, fatlaðra, samkynhneigðra og fleiri jaðarhópa sem hafa fengið aukin tækifæri til að tjá sig um stöðu sína, krefjast réttinda og viðurkenningar í samfélaginu. Hugmyndir um hvað það er sem er mikilvægt fyrir samfélagið hafa einnig breyst, ekki er lengur horft til kristilegs siðferðis heldur að breyta rétt og búa í samfélag þar sem einstaklingurinn er frjál. Í dag er mikilvægt að allir fái sömu tækifæri sama hvaðan þeir koma eða hvernig einstaklingar skilgreina sig en ekki út frá sjónarmiðum stofna innan samfélagsins.

3.2 Veraldarhyggja

Veraldarhyggja er oft nefnd í tengslum við stöðu kirkjunnar á Íslandi, talið er að aukin veraldarhyggja hafi haft áhrif á trúarviðhorf Íslendinga, skilgreiningu þeirra á trú og aukinni umræðu um aðskilnað ríkis og kirkju. Sama hefur verið sagt um aukina vísindahyggju sem má að öllum líkindum rekja til aukinnar menntunar (Hagstofa, Háskólamenntaðir fleiri en íbúar með menntun á framhaldsskólastigi 2015, 2017).

Veraldarhyggju má skilgreina á mismunandi vegu en það má segja að ríkisleg veraldarhyggja sé ákveðin hugmynd um að trúarbrögð annarsvegar og ríkið hinsvegar eigi ekki að vera sameiginleg stofnun. Veraldlegt ríki er þá ríki þar sem þessir tveir þættir samfélagsins eru aðskildir (Bhargava, 2000). Í vestrænum samfélögum getum við talað um að hún snúi að algjörum aðskilnaði ríkis og kirkju, þar sem trúmálin eiga að vera óháð veraldlegu valdi. Hún er þó mismunandi eftir því hvar hún er skoðuð, áhrifa hennar innan íslensks samfélags gætir einna helst í umræðum um stöðu kirkjunnar og aðskilnað hennar frá ríkinu. Hægt er að rekja upphaf hugmyndafræðinnar til upplýsingaldarinnar þegar mikill uppgangur var í vísindum, samanber hugmyndir Darwin's sem voru í

mótsögn við hugmyndir kirkjunnar t.d. um uppruna mannsins, einnig má nefna félagslegar kenningar Marx og Bentham (King, 2007). Franska byltingin, sem lauk 1799, hafði einnig mikil áhrif í Evrópu, byltingin var bæði gegn frönsku stjórnkerfi en ekki síður gegn harðstjórn og pólitískum (veraldlegum) völdum Katólsku kirkjunnar. Krafa Frakka var að ríki og kirkja ættu að vera aðskilin. Áhrifa byltingarinnar gæti enn í dag í Frakklandi þar sem trúarbrögð og trúfélög fá takmarkað opinbert rými. Veraldarhyggja Frakka var krafa um að líf franskra borgara ætti að vera algjörlega laust við trúarleg tákni eða skýrskotanir, það er frelsi undan trúarlegu áreiti. Við sjáum svipaðar hugmyndir í Bandaríkjunum en í Bandarísku stjórnarskránni er krafan um trúfrelsi alger, trúfélög eiga að vera óháð veraldlegu valdi (Hjalti Hugason, Samband ríkis og kirkju á „langri 20.öld“, 2012).

Á Íslandi hefur veraldarhyggjan haft áhrif á umræðu um trúmál og aukna kröfu innan samfélagsins um aðskilnað ríkis og kirkju. Hlutfall þeirra sem vilja aðskilnað hefur aldrei verið hærra en ríflega 72% þeirra sem taka afstöðu segjast hlyntir aðskilnaði árið 2015 (Siðmennt, 2016). Þrátt fyrir að ríki skilgreini sig sem veraldleg þýðir það ekki að trúarbrögð séu ekki mikilvægur partur af samfélaginu. Því er ekki að neita að umræða í fjölmiðlum og hjá fræðimönnum, stjórnmalámmönnum og -flokkum um aðskilnað ríkis og kirkju hefur jafnframt leitt til aukinnar umræðu um hlutverk og stöðu kirkjunnar á Íslandi.

3.3 Upplýsingaöldin og áhrif hennar á Íslandi

Vísindahyggju má skilgreina sem sjónarmið vísindanna. Hún felur í sér að til þess að öðlast þekkingu þurfi að leita til vísindanna, þau geti útskýrt allt eða sett mörk við það sem við getum skilið. Með aukinni menntun í vestrænum samfélögum hefur þetta viðhorf orðið almennara (Stenmark, 2017).

Talað er um að upphaf Upplýsingaaldarinnar hafi verið við byrjun 18. aldar en hana má einnig skilgreina sem hugmyndasögu Vesturlanda. Henni tilheyrðu miklar framfarir í vísindum þar sem fræðimenn og heimspekingar spiluðu stórt hlutverk með nýjum hugmyndum um stjórnskipan. Heimspekingarnir Voltaire og Locke eru þar fremstir í flokki en þeir leggja áherslu á frjálsa hugsun og vísindalegar framfarir auk þess að gagnrýna kirkjuna, fordóma hennar og vald innan samfélaga. Þeir töldu að til þess að útrýma hjátrú og fáfræði þyrfti að kenna börnum nýtsamleg fræði. Segja má að

upplýsingin hafi haft mikil áhrif á kirkjuna og umræðu um hana. Samkvæmt kirkjunni var kristni mikilvægari en þekking eða skynsemi en með upplýsingunni var það skynsemi og reynsla mannsins sem var uppspretta þekkingar (Sigurður Pálsson, Kirkja og skóli á 20.öld, 2008). Draga má þá ályktun að þarna hafi orðið ákveðnar breytingar á hugsunarhætti Íslendinga og viðhorfi til skólamála og að þær breytingar hafi markað upphaf þeirrar hugmyndafræði sem skýtur rótum á 18. öld og við aðhyllumst enn þann dag í dag.

Upplýsingin hafði rótæk áhrif á guðfræðilega umræðu og viðhorf í samfélaginu. Samkvæmt Lútherskri trú var opinberun trúar mikilvægari en skynsemi mannsins, meðan áherslur upplýsingamanna voru á skynsemi mannsins sem uppsprettu allrar þekkingar. Upphaf 20. aldar markaði svo þáttaskil í menntun landsmanna þegar ríkið tók yfir skólakerfið af kirkjunni (Sigurður Pálsson, Kirkja og skóli á 20.öld, 2008). Við lok 20. aldar er fræðsla um kristnidóm ásamt öðrum trúarbrögðum og fræðum á forsendum skólans. Fræðslan byggir fyrst of fremst á menningarlegum forsendum og er ætlað að stuðla að skilning og umburðarlyndi gagnvart margbreytileika samfélagsins (Sigurður Pálsson, Kirkja og skóli á 20.öld, 2008, bls. 8). Með vísindahyggju og aukinni menntun má búast við því að hugmyndafræði Íslendinga breytist. Á sama tíma má sjá hnattræn áhrif og hugmyndir, tilvistarskýringar kirkjunnar hafi því misst vægi sitt innan samfélagsins og einstaklingar leita annað til skýringa á náttúrulegum fyrirbærum og tilvist sinni .

Það að menntun barna er ekki lengur á vegum kirkjunnar heldur eingöngu á vegum stofnana ríkis og sveitarfélaga sem og afnám kristnifræðikennslu í grunnskólum hefur að öllum líkindum haft þau áhrif að staða kirkjunnar og hugmyndafræði er ekki jafn mikilvæg í huga ungs fólks og áður. Íslendingar hafa sjaldan verið duglegir að sækja kirkju, helsta kennsla á kristnum gildum fór fram hjá foreldrum og í skólanum fyrir utan fermingarfræðslu sem er valkvæð og fer ekki fram í skólum. Þegar fræðsla og miðlun gilda eru tekin út, hætt er að segja sögurnar og kristnin er ekki skilgreind sem hluti af þjóðlífinu þá hefur það áhrif á tengingu ungs fólks og barna við kristni og kirkjuna.

3.4 Trúfrelsi

Trúfrelsi á Íslandi varð að veruleika seinna en á hinum Norðurlöndunum. Trúfrelsi í Danmörku var samþykkt með stjórnarskrá þeirra sem tók gildi árið 1849 sem danakonungur taldi að Ísland félli undir en Íslendingar voru ekki hrifnir af þeirri ályktun. Þeim fannst trúfrelsi og stjórnarskrá Dana vera ógn við sjálfstæðisbaráttu sína, auk þess sem margir Íslendingar óttuðust að trúfrelsi gæti sundrað menningu og samfélagi þeirra (Steingrímur Gautur Kristjánsson, 2002). Það var ekki fyrr en stjórnarskrá um sérstök málefni Íslands tók gildi sem lög voru sett um trúfrelsi að frumkvæði danakonungs þó Íslendingar gæfu því lítinn gaum (Pétur Pétursson, 1980, bls. 183).

Ef skoðuð eru mannatöl, þá voru aðeins þrír sem gáfu upp enga trú árið 1880, tólf 1890 en árið 1990 voru þeir orðnir rúmlega 60 (Þórunn Valdimarsdóttir, 2000). Breytingar á trúarviðhorfum Íslendinga verða á 19. öld á sama tíma og veraldarhyggja, upplýsingaöldin og fleiri vestrænar hugmyndir berast til landsins. Í dag búum við í samfélagi þar sem trúfrelsi er í hávegum haft, bann er við mismunun vegna trúar og fjöldinn allur af trúfélögum er á Íslandi, þrátt fyrir að þjóðkirkjan sé enn lang fjölmennust (Hagstofa, Trú- og lífsskoðunarfélög 1.janúar 2015, 2015).

Í næsta kafla verður skoðað hvernig bætt lífsskjör á Íslandi með uppbyggingu velferðarkerfis, betra aðgengi að menntun og heilbrigðisþjónustu á síðustu 100 árum hefur haft áhrif á viðhorft fólks til trúar og kirkjunnar.

4 Íslenskt Samfélag

Samfélag og menning hafa breyst mikið á Íslandi síðustu 100 ár. Breytt lífskjör, ólík heimsmynd og fjölbreyttari menning eru þættir sem hafa haft áhrif á trúarviðhorf. Í kaflanum verða skoðaðar breytingar á efnahag, heilbrigðismálum og velferðakerfum og áhrif þeirra á viðhorf Íslendinga til trúar og kirkju rædd.

4.1 Efnahagur Íslendinga

Mestu breytingar sem við sjáum á lífskjörum Íslendinga eru breytingarnar í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar. Fyrir þann tíma hafði Ísland að mestu verið bændasamfélag þar sem mikil fátækt ríkti. Ísland var í lok 19. aldar eitt fátækasta ríki í Vestur-Evrópu og hafði verið það öldum saman. Margar ástæður lágu að baki, landið framfleytti ekki meira en fimmtíu þúsund manns, fámenn stórbændastétt, einokunarverslun sem undirverðlagði fisk meðan ull og kjöt var selt á yfirverði. Fámenn valdastétt réði öllu og allur almenningur bjó við mikla fátækt

Á nítjándu öld urðu ákveðnar breytingar eftir afnám einokunarverslunar, auðveldara var að nálgast fjármagn og Íslendingar fluttust í auknum mæli til Reykjavíkur. Eftir seinni heimsstyrjöldina breyttist ýmislegt, tekjur Íslendinga jukust og þeir græddu á Kalda stríðinu. Hagvöxtur var mikill frá árinu 1994 og kjör almennings batnaði til muna næstu áratugi, margir efnuðust vel á þessu tímabili (Hannes Hólmsteinn Gissurarson, 2009, bls. 32-35). Á sama tíma urðu breytingar á tekjuskiptingu, fram að þeim tíma hafði tekjuskipting verið að jafnast út í samfélaginu en árið 1994 sjáum við gliðnun byrja að myndast. Á sama tíma urðu breytingar á skattheimtu ríkisins sem jók enn meir á gliðnun milli tekjuhópa (Stefán Ólafsson, 2006). Með minnkandi atvinnuleysi og sterkara velferðarsamfélagi sköpuðust fleiri tækifæri fyrir ungt fólk, breytingar urðu á fjölskyldumynstri, lífsgildum og viðhorfum. Í því velferðarsamfélagi sem Ísland var orðið ríkti valfrelsi einstaklingsins sem var í vaxandi mæli fær um að sinna flestum sínum þörfum sjálfur (Stefán Ólafsson, 2006). Ungt fólk var ekki háð fjölskyldu sinni fyrir lífsviðurværi, gat menntað sig, valið sér atvinnu o.fl. Um leið og þetta stuðlaði að sjálfstæði leiddu þessar breytingar um leið til einhverskonar sundrunar á þeirri fjölskyldueiningu sem áður var til staðar.

4.2 Heilbrigðismál á Íslandi

Árið 1920 markaði þáttaskil í heilbrigðismálum samfara framförum í læknisfræði, opinbert heilbrigðiseftirlit varð til og fólk fór að sinna almennu hreinlæti. Tekist hafði að ráða niðurlögum skæðustu smitsjúkdóma sem höfðu háð Íslendingum. Ekkert er betur til marks um gjörbreytt heilbrigðiskerfi á Íslandi en árlegt dánarhlutfall landsmanna sem var með því lægsta sem þekktist í heiminum á þessum tíma (Björn Þorsteinsson & Bergsteinn Jónsson, Íslands Saga - til okkar daga, 1991). Meðalævilengd Íslendinga hefur lengst mikið síðustu áratugi, árið 1971 – 1975 var meðalaldur karla 71 árs og kvenna 77 ára, á milli árana 2001-2005 hafði hann hækkað verulega eða í 78,9 hjá körlum og 81 ár hjá konum. Meðalaldur karla var árið 2015 81 ár og hjá konum 83 ár. (Hagstofa, Líflíkur á Íslandi með þeim mestu í Evrópu, 2016). Ef til vill hafa þessar breytingar haft áhrif á trúarviðhorf Íslendinga?

Ein algengasta hugmyndin um uppruna trúarbragða er að þau séu til komin vegna ótta og vitundar um að dauðinn sé alltaf yfirvofandi (Boyer, 2001). Þó að mannfræðingar í dag séu ekki sammála hafa þeir sem skoða tilfinningalegar nálganir stuðst við þessa hugmynd. Þar má nefna Malinowski sem segir trú vera tilkomna vegna upplifana mannsins af vanmætti gagnvart óviðráðanlegum þáttum náttúrunnar og því sem hann fær ekki stjórnað, þar á meðal hræðslu og óvissu um dauðann (Malinowski, 1948). Hann byggir þetta á kenningum mannfræðingsins Frazers um að frumbyggjar byrji á því að reyna að stýra náttúrunni með göldrum, þegar þeir átta sig á því, löngu seinna, að það er ekki hægt þá kemur fram trú á guði eða yfirnáttúrulegt afl. Malinowski talar um tótemhyggju (e.totemism) sem er tilkomin ekki aðeins vegna þess að ákveðin dulúð liggur yfir ákveðnum fyrirbærum, heldur vegna kvíða gagnvart óumflýjanlegum fyrirbærum í kringum sig. Malinowski telur trú innan frumbyggjasamfélaga vera tengd félagslegum þáttum, til þess að lifa af þarf einstaklingur að vera tengdur við ættmenni sín og nærumhverfi. Hann telur að ekki megi gleyma að galdrar og trúarbrögð séu ekki einungis heimspeki eða skoðun heldur séu þau sérstök tegund hegðunar, ákveðið viðhorf sem byggi á rökum, líðan og vilja (Malinowski, 1948, bls. 5-8).

Dánarhlutfall Íslendinga er með því lægsta sem gerist í heiminum (Hagstofa, Líflíkur á Íslandi með þeim mestu í Evrópu, 2016). Dauðinn er því ef til vill ekki jafn yfirvofandi og hann var áður. Lífskjör eru gjörbreytt, Ísland fer úr því að vera bændasamfélag, með

fámenna sterka yfirstétt, yfir í að vera samfélag þar sem flestum farnast vel, geta menntað sig og öðlast starfsframa. Ef íslenskt samfélag er skoðað út frá huglægu sjónarmiði er hægt að færa rök fyrir því að með aukinni menntun, meðvitund um heiminn og umhverfið, samhliða því að dauðinn er ekki jafn yfirvofandi, þá leiti einstaklingar ekki jafn mikið til trúarbragða og áður. Áhugavert er að skoða að er trúaðasti hópurinn á Íslandi er 55-72 árið 2004 en af þeim skilgreindu 82% sig sem trúaða, meðan hlutfall 18-24 ára var 53% prósent (Gallup, 2016).

Hinsvegar er það enn sami hópur sem skilgreinir sig helst trúaða og það er elsti aldurshópurinn (Siðmennt, 2016). Ekki er hægt að skýra ástæður þessa munar á aldurshópum út frá kenningalegri umræðu, má ef til vill rekja ástæðuna til, ólíkrar menningar í uppvexti, samfélagsþróunar eða til þess að einstaklingar verði trúaðir með aldrinum vegna aukinnar meðvitundar um dauðann? Með aukinni menntun og tækni-framförum má segja að ekki sé jafn mikil þörf fyrir skýringar á öflum náttúrunnar eða hugmyndum um hvaðan við komum og tilvist okkar.

Í næsta kafla verður fjallað um áhrif og gildi þjóðkirkjunnar og hvernig hún hefur tekist á við örar samfélagsbreytingar síðustu áratuga.

5 Áhrif og gildi Þjóðkirkjunnar

Hugmyndafræði Íslendinga hefur breyst og mikil áhersla er á réttindi einstaklingsins og hópa sem hingað til hafa verið faldir innan samfélagsins. Í kaflanum verður skoðað hvernig kirkjan hefur tekið þessum breytingum, hvort gildi og viðhorf kirkjunnar eigi ennþá við í samfélaginu í dag.

5.1 Gildi trúarinnar í nútíma samfélagi

Biblían er safn af sögum um uppruna mannsins, gildi, orð guðs og fleira. Dæmisögur sem gefa okkur reglur, heimsmynd og gildi til að lifa eftir. Við höfum séð þessi gildi breytast í gegnum söguna. Nýja testamentið sem er trúarrit Þjóðkirkjunnar var skrifað af tugum höfunda á yfir meira en hundrað árum en var ekki tekið til notkunar fyrr en fjórum öldum eftir dauða Jesú Krists. Rit gamla testamentsins má rekja til síðasta spámanns bókarinnar, Malachi, sem skrifaði þau um 450 árum fyrir fæðingu Krists. Fyrstu rit Nýja testamentsins má rekja til ársins 44-49 eftir Krist (Aune, 1988). Samfélagið sem Nýja testamentið verður til í er gjörólíkt samfélagi okkar í dag.

Gildi og hugmyndafræði samfélagsins hefur breyst, mikilvægi einstaklingsins, réttindabarátta, kvennréttindi, jafnrétti, málfrelsi og aukið umburðarlyndi eru allt þættir sem hafa verið áberandi síðustu ár og áratugi í vestrænu samfélagi. Þessi gildi passa ekki öll við hugmyndir íslensku Þjóðkirkjunnar. Þar má meðal annars nefna viðhorf kirkjunnar til fóstureyðinga og samkynhneigðra. Kirkjan staðfestir enn þann dag í dag aðeins samvist samkynhneigðra en lítur ekki á það sem hjónaband sem skilgreint er sem samvist konu og karls, þó slík samvist njóti sömu lagalegu réttinda og sé einnig staðfest í kirkju. Kirkjan samþykkti staðfesta samvist undir miklum þrýstingi frá baráttu-samtökum, almenningi og yfirvöldum. Viðhorf Þjóðkirkjunnar til fóstureyðinga í umræðum á heimasíðu hennar eru að þær séu samfélagslegt vandamál þar sem breyting þurfi að verða á hugarfari, þó ekki megi dæma konur fyrir að hafa nýtt sér það úrræði (Þjóðkirkjan, 2007) (Adda Steina Björnsdóttir, 2005).

Ef Biblían er skoðuð þá er hún mjög karllæg saga. Malinowski taldi að mýtur, þá biblíusögur í þessu samhengi, gefi innsýn inn í samfélagið. Þær gefa hugmyndir um mikilvægi ákveðinna þátta, í sögulegu og samfélagslegu samhengi (Bowie, 2006). Ef við horfum á þær breytingar sem verða með Lúthersku kirkjunni þá er hún einhverskonar framhald af hugmyndum Kapólsku kirkjunni sem urðu úreltar. Lútherska kirkjan leyfði

meðal annars prestum að giftast og konur máttu verða prestar á Íslandi. Biblían var mótuð af þeim gildum sem voru á þeim tíma sem hún er skrifuð, mýturnar breyttust út frá því samhengi sem þær voru skapaðar í.

Að mínu mati hafa hugmyndir kirkjunnar á Íslandi ekki náð að breytast að því marki að þær endurspegli það samfélag sem við búum við í dag. Kirkjan hefur vissulega tekið mörg skref í átt að nútímasamfélagi en mikilvægasta rit hennar Biblían hefur hinsvegar ekki breyst eða mótast með breyttu samfélagi, þrátt fyrir að túlkun hennar hafa mögulega gert það. Áhugavert verður að sjá hvort hugmyndir og sögur kirkjunnar geti lengi haldist óbreyttar í síbreytilegu samfélagi, án þess að endurnýjun eða endurskrifun sé gerð.

Ef skoðaðar eru tölur um fjölmennustu trúfélögin á Íslandi sjáum við að Þjóðkirkjan er stærsta trúfélagið, þau trúfélög sem fylgja fast á eftir eru önnur kristin trúfélög, svo sem Fríkirkjan, Hvítasunnukirkjan og Kapólska kirkjan (Hagstofa, Trú- og lífsskoðunarfélög 1.janúar 2015, 2015). Þar sem kirkjan hefur fallið frá ýmsum gildum, til að halda stöðu sinni innan samfélagsins, getur verið að þeir trúðu leiti frekar til annara trúfélaga til að stunda trú sína. Trúfélaga þar sem gildi og túlkun t.d. Biblíunnar er bókstafleg og í hávegum höfð. Ef til vill má álykta að kirkjan sé orðin að einhverskonar hlutlausu birtingarafli trúarinnar, þar sem hún tekur hvorki afstöðu með né á móti. Með auknu hlutleysi má leiða líkur að því að hún höfði minna til þeirra strangtrúðu en einnig minna til þeirra trúminni.

5.2 Kirkjan, karllægt rými?

Hugmyndir flestra trúarbragða einkennast af karllægum hugmyndum og gildum. Í Biblíunni má finna dæmi um hvernig gildi trúarinnar eiga ekki lengur við í samfélaginu. Saga feminískra hugmynda á Íslandi er löng og áhrifamikil. Íslendingar eru stoltir af stöðu sinni gagnvart jafnrétti kynjanna í samfélaginu. Í dag trónir Ísland á toppi lista yfir þau lönd þar sem kynin eru jöfnust (World Economic Forum, The Global Gender Gap Index Results 2015, 2015). Lönd eru metin meðal annars út frá stjórn mála- og atvinnuþáttöku kvenna, launakjörum og stöðu heilbrigðismála (World Economic Forum, Measuring the Global Gender Gap, 2006). Segja má að Rauðsokkahreyfingin hafi opnað fyrir nýjar hugmyndir um stöðnuð kynjuð hugmyndakerfi á Íslandi og stuðlað að þróun þeirra í átt að því sem við sjáum í dag.

Árið 1970 koma fram nýjar hugmyndir og aukin krafa um félagslegt jafnrétti kynjanna þó jafnréttisbaráttan eigi sér mun lengri sögu samanber baráttan fyrir kosningarétti kvenna eða borgaralegum réttindum. Þetta leiðir til átaka gegn því óréttlæti sem einkennt hafði vinnumarkaðinn og stöðu kvenna í vestrænu samfélagi. Í Bandaríkjunum, Frakklandi og á Norðurlöndunum komu upp hreyfingar, mótmælagöngur og nýfemínismi þar sem lögð var áhersla á gjörðir (Sigríður Matthíasdóttir, 2012, bls. 187-189). Rauðsokkur var stofnuð til árið 1968, hreyfingin varð mjög mikilvæg í íslensku samfélagi og má segja að þær hafi breytt sögu tuttugustu aldarinnar. Þær börðust fyrir jöfnum rétt kvenna til vinnu, frelsi til fóstureyðinga og fleiru (Kaplan, 2013, bls. 87).

Ráðandi hugmyndafræði kirkjunnar var ekki í samræmi við hugmyndir femínisma. Biblían hefur haldist óbreytt frá því að Nýja testamentið var gefið út og sögur hennar eru mjög karllægar, sem dæmi má nefna Adam og Evu, þar sem Eva er sköpuð úr rifbeini Adams og er honum undirgefin. Biblíusögur eru mýtur, þær eru sögur sem verða til, veita einstaklingum huggun og eiga að endurspegla að það samfélag sem þeir búa í. Malinowski talaði um mikilvægi þess að skoða mýtur í samhengi við sögu og samfélag. Samkvæmt honum styrkja, staðfesta og viðhalda mýtur í formi saga stefnu samfélagsins (Bowie, 2006). Hugmyndir sem birtast af konum í Biblíunni eru því einhverskonar leiðarvísir um stöðu og hlutverk kvenna í samfélaginu. Mannfræðingurinn Henrietta Moore talar um í *Feminism and Anthropology* (1988) hvernig ríkjandi vald stjórnar hugmyndum samfélagsins. Mikilvægt sé að skoða hugmyndafræði stofna samfélagsins og birtingarmyndir hópa, innan skólakerfisins, í stjórnámálum og trúarbrögðum. Allir þessir þættir vinna saman að því að viðhalda ákveðinni hugmyndafræði í samfélaginu (Moore, 1988, bls. 129). Þrátt fyrir aukið jafnrétti þá virðist sem hugmyndir jafnréttis og kvennfrelsis séu í mótsögn við hugmyndafræði kirkjunnar og trúarrit hennar.

5.3 Vald og rými innan samfélagsins

Trúarbrögð hafa verið til staðar á Íslandi síðan land var numið. Ásatrú var stór hlut af menningu Íslendinga, allt þjóðlífið var umlukið hugmyndum úr trúnni. Hún bauð upp á tilvistarskýringar, ritúöl til hjálpar og veraldlegt sjónkerfi (Hjalti Hugason & Jón Hnefill Aðalsteinsson, Íslensk þjóðmenning - trúarhættir, 1988). Hugmyndafræði og gildi Íslendinga var því að miklu leiti stjórnað af trúnni. Það sama á við um Kaþólsku kirkjuna,

hugmyndir hennar og stjórnskipulag setti svip sinn á íslenskt samfélag. Með tilkomu Lútersku kirkjunnar á Íslandi minnkuðu veraldleg áhrif kirkjunnar þó hún hefði enn áhrif.

Lúterska kirkjan hefur misst fótfestu sína innan stjórnkerfisins síðustu ár. Í upphaf tuttugustu aldar má sjá hvernig áhrif kirkjunnar byrja að dvína. Öldin var Íslendingum erfið efnahagslega, harðindi herjuðu á bændastéttina og hafði það áhrif á afkomu presta. Prestur höfðu lífsviðurværi sitt af leigujörðum og afkomugjöldum almennings sem skiluðu sér illa vegna harðindanna. Vegna þessa var farið í að fækka prestköllum í tvígang á 19. öld.

Við lok tuttugustu aldar tekur ríkið við fræðslu um kristnidóm og önnur trúarbrögð sem falla undir námskrár og miðast við lög um trúfrelsi (Sigurður Pálsson, Kirkja og skóli á 20.öld, 2008). Við sjáum umfang kirkjunnar innan samfélagsins minnka sem og áhrif hennar á gildi og menningu Íslendinga. Aðeins lítill hópur ungs fólks á Íslandi álítur kirkjuna eða kristna trú vera hluta af tilvistarhugmyndum sínum eða mikilvægan hluta samfélagsins. Í sögulegu samhengi þá hefur kirkjan ekki einungis misst vald sitt heldur hafa áhrif hennar á gildi einstaklinga einnig minnkað, hvort sem þeir eru trúaðir eða ekki (Gunnar E. Finnbogason, Gunnar J.Gunnarsson, Halla Jónsdóttir, & Hanna Ragnarsdóttir, 2011, bls. 13). Einstaklingar alast ekki lengur upp við hugmyndafræði kirkjunnar né ástundun trúarinnar. Áður voru gjörðir einstaklinga og gildi mótuð af kristni, kennsla á þessum gildum fór fram í skólum og á heimilum fólks. Með takmörkun í umræðu og kennslu á kristnum hugmyndum og gildum má segja að hún hafi misst vald sitt í samfélaginu.

Foucault talar um vald þess sem stjórnar ráðandi hugmyndafræði innan samfélagsins, án valdbeitingar eða ofbeldis. Það að einstaklingar lifi við siðferðisleg gildi og hugmyndafræði sem valdhafi hefur mótað (Carrette, 2000, bls. 149). Valdið sem Þjóðkirkjan hafði yfir samfélaginu er ekki lengur til staðar. Aukin umræða og gagnrýni hefur verið innan samfélagsins um hugmyndaakerfi kirkjunnar.

Ýmislegt hefur komið í ljós sem varpar skugga á kirkjuna líkt og fréttir um misnotkun presta á ungmennum. Gagnrýni í fjölmiðlum hefur aukist samanber umræða um aðskilnað ríkis og kirkju. Félög á borð við Siðmennt hafa barist fyrir húmanískri hugsjón og aðskilnaði ríkis og kirkju. Stjórnámálamenn hafa gagnrýnt aukið fjármagn til kirkjunnar. Útvarpsþættir á borð við Harmageddon hafa einnig gagnrýnt kirkjuna og

hugmyndafræði hennar. Þrátt fyrir þessa gagnrýni þá hefur enn ekki verið tekið það skref að aðskilja ríki og kirkju, við sjáum meðal annars aukin framlög til hennar í nýjum fjárlögum 2017 (Fjármálaráðneytið, 2017).

6 Lokaorð

Að mínu mati hafa samfélagsbreytingar á Íslandi haft mikil áhrif á stöðu kirkjunnar. Kirkjan á sér langa sögu á Íslandi, lengst af hefur hún verið tengd ríkisvaldi og haft pólitísk jafnt sem hugmyndafræðileg áhrif. Stöðu hennar í dag má skýra út frá minnkandi áhrifum hennar á báðum þessum sviðum. Vestræn hugmyndafræði og hnattvæðing hefur haft áhrif á gildi og hugmyndafræði Íslendinga. Með aukinni menntun, betri efnahag og auknum tækifærum er ekki sama þörf á tilvistarskýringum eða hugmyndum trúarinnar. Einstaklingar geta kynnst ólíkum menningarheimum, lært aðra trúarsiði eða jafnvel mótað sína eigin hugmyndir um uppruna sinn og tilveru.

Hugmyndafræði kirkjunnar og Biblían hefur ekki fylgt nægilega þeim breytingum sem orðið hafa á samfélaginu. Ríkjandi hugmyndir líkt og jafnrétti eru hugmyndir sem eiga ekki jafn vel við sögur Biblíunnar og áður fyrr. Míýur og sögur Biblíunnar endurspeгла ekki nútíma samfélag enda tilheyra þær öðrum tíma. Til þess að svara þessum samfélagsbreytingum þyrfti kirkjan að aðlaga sína hugmyndafræði samfélaginu, sem hún hefur ekki gert nema að upp að vissu marki. Mýtur lifa ekki áfram í samfélaginu ef þær endurspeгла það ekki.

Kirkjan hafði mikil áhrif á gildi og hugmyndafræði fólks áður fyrr en hefur tapað því valdi, í dag leita einstaklingar frekar annarra skýringaþátta. Kirkjan er ekki lengur ráðandi afl í hugmyndum Íslendinga um siðferði. Ungt fólk á Íslandi hefur fjarlægst hugmyndir kirkjunnar, þær eru ekki lengur mikilvægur hluti af skólakerfinu og íslensk börn verða fyrir enn minni áhrifum frá kirkjunni en áður. Ungir foreldrar eru sá hópur sem er ólíklegastur til að skilgreina sig trúaðan og því er ólíklegt að sá hópur miðli þeirri þekkingu áfram til barna sinna. Því verður áhugavert að sjá stöðu kristinnar trúar á Íslandi eftir 20 ár.

Íslenskt samfélag hefur breyst til muna, farið úr því að vera eitt fátækasta ríki Evrópu í eitt af þeim ríkari. Áður var þekkt að einstaklingar færu aldrei frá Íslandi og ólíklegt var að þeir hittu aðra menningarhópa þar sem að fáir ferðamenn og innflytjendur voru á Íslandi. Íslendingar lifðu í einangruðu samfélagi sem bauð ekki upp á miklar hugsjónir eða þekkingu á öðrum hugmyndum en þeim sem voru ríkjandi. Í dag

hafa Íslendingar heiminn í höndum sér, þeir geta valið að ferðast, kynnast ólíkum menningum og heimsmynd þeirra er gjörólík þeirri sem þeir höfðu fyrir áratugum síðan.

Þrátt fyrir niðurstöður kannana á Íslandi ber þó að nefna að staða trúar í heiminum virðist hafa verið að styrkjast undanfarin ár. Með auknum átökum og fjölda flóttafólks sem streymir inn í Evrópu virðast öfgafullar hugmyndir þjóðernishyggju og trúarbragða vera að styrkjast. Áhugavert verður að sjá hvort sama gerist á Íslandi.

Vegna þess hversu erfitt er að skilgreina trú og það hvað er að vera kristinn, væri áhugavert að gera frekari rannsókn á efninu. Spurningakannanir varpa ágætu ljósi á stöðu kirkjunnar en þær eru háðar túlkun einstaklinga sem kemur ekki fram í niðurstöðum þeirra. Það að spurningar eins og „Skilgreinir þú þig sem trúaðann?“ og „skilgreinir þú þig sem kristinn?“ eru mjög opnar til túlkunar þátttakenda. Áhugavert væri að gera frekari rannsóknir þar sem viðhorf einstaklinga er skoðuð með viðtölum. Slík eigindleg gögn gætu ef til vill að varpað frekara ljósi á af hverju einstaklingar skilgreina sig á ákveðinn hátt og af hverju ekki. Hvort er það trúin sem hefur misst gildi sitt í samfélaginu eða er það Þjóðkirkjan sem hefur tapað sóknarbörnum.

Heimildaskrá

- Adda Steina Björnsdóttir. (8. 4 2005). *Hver er afstaða kirkjunnar til getnaðarvarna, fóstureyðinga og samkynhneigðra*. Sótt 3. 5 2017 frá Trúin og lífið: http://tru.is/svor/2005/04/hver_er_afstada_kirkjunnar_til_getnadarvarna_fostu_reydinga_og
- Alþingi. (1994). Lög nr. 62 um Mannréttindasáttmála Evrópu.
- Appadurei, A. (2000). Grassroots Globalization and Research Imagination. *Project Muse*, 12(1), 1-19.
- Asad, T. (1993). *Genealogies of Religion*. Baltimor/London: The John Hopkins University Press.
- Aune, D. E. (1988). *The New Testament in Its Literary Environment*. Cambridge: James Clarke & Co.
- Barnard, A. (2000). *History and Theory in Anthropology*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Bhargava, R. (2000). *Pluralism and Equality*. London: SAGE.
- Björn Þorsteinsson, & Bergsteinn Jónsson. (1991). *Íslands saga til okkar daga*. Reykjavík: Sögufélagið.
- Bowie, F. (2006). *The Anthropology of Religion: An Introduction*. Malden: Blackwell Publishing.
- Boyer, P. (2001). *Religion Explained*. New York: Basic Books.
- Carette, J. (2000). *Foucault and Religion*. London: Routledge.
- Eriksen, T. H. (2010). *Small Places, Large Issues*. London: Pluto Press.
- Fjármálaráðneytið. (2017). *Frumvarp til fjárlaga 2017*. Sótt 3. 5 2017 frá fjármálaráðneytið: <http://fjarlog.origo.is/>
- Foucault, M. (1999). *Religion and Culture*. (J. R. Carrette, Ritstj.) Manchester: Routledge.
- Gallup. (13. 1 2016). *Lífsskoðanir Íslendinga og trú*. Sótt 20. 5 2017 frá Siðmennt: <http://sidmennt.is/lifsskodanir/>
- Geertz, C. (1973). *The Interpretation of Cultures*. New York: Basic Books.
- Griswold, W. (2013). *Culture and Societies in a Changing World*. London: Sage.
- Guðbrandur Jónsson. (1951). Herra Jón Arason. *Saga*, 237-252.

- Gunnar E. Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir, & Hanna Ragnarsdóttir. (31. desember 2011). *Lífsviðhorf og gildi*. Sótt 19. mars 2017 frá <http://hdl.handle.net/1946/12367>: <http://hdl.handle.net/1946/12367>
- Gunnar Jóhannesson. (4. 10 2006). *Hvaða inntökuskilyrði eru í þjóðkirkjunu?* Sótt 3. 5 2017 frá Trúin og Lífið: http://tru.is/svor/2006/10/hvada_inntokuskilyrdi_eru_i_thjodkirkjuna
- Gunnar Karlsson. (2004). *Goðamening*. Reykjavík: Heimskringla.
- Hagstofa. (15. 4 2015). *Trú- og lífsskoðunarfélög 1.janúar 2015*. Sótt 20. 4 2017 frá Hagstofa: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menning/tru-og-lifsskodunarfelog-1-januar-2015/>
- Hagstofa. (20. 5 2016). *Lífslíkur á Íslandi með þeim mestu í Evrópu*. Sótt 20. 4 2017 frá Hagstofa: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/%C3%A6vilengd-og-danartidni-2015/>
- Hagstofa. (10. 1 2017). *Háskólamenntaðir fleiri en íbúar með menntun á framhaldsskólastigi 2015*. Sótt 18. 4 2017 frá Hagstofa.is: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/mannfjoldi-eftir-menntunarstodu-2015/>
- Hamilton, M. (2001). *The sociology of religion*. New York: Routledge.
- Hannes Hólmsteinn Gissurason. (2009). *Áhrif Skatthækkana á hagvöxt og lífskjör*. Reykjavík: Bókafélagið.
- Hjalti Hugason. (2012). Samband ríkis og kirkju á „langri 20.öld ". *Sögubing* (bls. 1-14). Reykjavík: Sagnfræðistofnun.
- Hjalti Hugason, & Jón Hnefill Aðalsteinsson. (1988). *Íslensk þjóðmenning - trúarhættir*. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Kaplan, G. (2013). *Contemporary western european feminism*. New York : Routledge.
- King, M. (2007). *Secularism: The hidden Origins of Disbelief*. Cambridge: James Clarke & Co. .
- Malinowski, B. (1948). *Magic, Science and Religion and Other Essays*. Boston: Beacon Press.
- Moore, H. L. (1988). *Feminism and Anthropology*. Oxfordshire: Polity Press.
- Oxford Dictionaries. (2017). *Belief*. Sótt 28. 4 2017 frá English Oxford Living Dictionaries: <https://en.oxforddictionaries.com/thesaurus/belief>

- Oxford Dictionaries. (2017). *Ritual*. Sótt 4. 5 2017 frá oxford living dictionaries: <https://en.oxforddictionaries.com/definition/ritual>
- Pétur Pétursson. (1980). Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar. *Saga*, 179-224.
- Phelan, S. (may 1990). Foucault and Feminism. *American Journal of Political Science*, 421-440.
- Robert J. Barro, R. M. (2005). Wich countries have state religions? *Quarterly Journal of Economics*, 120(4), 1331-1370.
- Siðmennt. (13. 1 2016). *Lífskoðanir Íslendinga og trú*. Sótt 20. 4 2017 frá Siðmennt: <http://sidmennt.is/lifsskodanir/>
- Sigríður Matthíasdóttir. (2012). Nýja kvennhreyfingin á Noðurlöndunum á áttunda áratug 20.aldar. *Stjórnmal & Stjórnsýsla*, 8(1), 195-217.
- Sigurður Hólm Gunnarsson, & Hjalti Hugsason. (7. mars 2016). *Samræður um lífskoðanir Íslendinga (myndband)*. Sótt 28. febrúar 2017 frá Siðmennt: <http://sidmennt.is/2016/03/18/samraedur-um-lifsskodanir-islendinga-myndband/>
- Sigurður Pálsson. (2008). *Kirkja og skóli á 20.öld*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Stefán Ólafsson. (2006). Breytt tekjuskipting Íslendinga . Greining á þróun fjölskyldutekna 1996til 2004. *Rannsóknir í Félagsvísindum VII*, 173-188.
- Steingrímur Gautur Kristjánsson. (2002). Kirkjan, trúfrelsi og jafnrétti trúfélaga. *Afmælisrit*, 177-208.
- Stenmark, M. (2017). What is Scientism? *Religious Studies*, 33(1), 15-32.
- Sverrir Jakobsson. (2005). *Við og veröldin*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Unnur Dís Skaptadóttir , & Kristín Lofsdóttir. (2009). Cultivating culture?: images of Iceland, globalization and multicultural society. Í Sverrir Jakobsson, *Images of the North : histories - identities - ideas* (bls. 205-2016). Amsterdam: Rodopi.
- Vilborg Auður Ísleifsdóttir. (1996). Siðbót eða Bylting. *Sagnir*, 66-71.
- World Economic Forum . (2015). *The Global Gender Gap Index Results 2015*. Sótt 28. 4 2017 frá World Economic Forum : <http://reports.weforum.org/global-gender-gap-report-2015/the-global-gender-gap-index-results-in-2015/>

- World Economic Forum. (2006). *Measuring the Global Gender Gap*. Sótt 28. 4 2017 frá World economic forum: <http://reports.weforum.org/global-gender-gap-report-2015/measuring-the-global-gender-gap/>
- Þjóðkirkjan. (2007). *Kirkjan*. Sótt 3. 5 2017 frá Staðfest samvist og blessun: <http://kirkjan.is/samkynhneigdogkirkja/vigsla-og-blessun/>
- Þjóðskrá Íslands. (8. 4 2016). *Breytingar á trú- og lífsskoðunarfélagsaðild*. Sótt 20. 4 2017 frá Þjóðskrá Íslands: <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2016/04/08/Breytingar-a-tru-og-lifsskodunarfelagsadild>
- Þórunn Valdimarsdóttir. (2000). *Til móts við nútímann*. Reykjavík : Alþingi.